BÖRN OG NETMIÐLAR

TÆKJAEIGN OG SAMFÉLAGSMIÐLAR



1. HLUTI 2025

Netvís
Netöryggismiðstöð Íslands

FJÖLMIÐLANEFND

MENNTAVÍSINDASTOFNUN

BÖRN OG NETMIÐLAR

1. hluti - Tækjaeign og samfélagsmiðlar

Nóvember 2026
Fjölmiðlanefnd & Netvís - Netöryggismiðstöð Íslands
Menntavísindastofnun Háskóla Íslands

Höfundur: Ingibjörg Kjartansdóttir
Umsjón: Skúli Bragi Geirdal
ISBN: 978-9935-468-47-5
https://doi.org/10.33112/LDRZ1034
Mynd á forsíðu: Adobe Stock Image 511462751

Samfjármagnað af Evrópusambandinu

EFNISYFIRLIT

1. TÆKJAEIGN

Mynd 1.1. Áttu eitthvað af þessu heima? 11

Mynd 1.2. Áttu eitthvað af þessu heima? *Strákar og stelpur* 12

Mynd 1.3. Farsímaeign eftir aldri. 13

2. SAMFÉLAGSMIÐLAR

Mynd 2.1. Notar þú eitthvað af eftirtöldu? (4. bekkur - framhaldsskóli) 14

Mynd 2.2. Notar þú eitthvað af eftirtöldu? (6. bekkur - framhaldsskóli) 15

Mynd 2.3. Hlutfall sem notar samfélagsmiðlana daglega eða oft á dag. 16

Mynd 2.4. Hlutfall með aðgang að eftirfarandi samfélagsmiðlum. 17

Mynd 2.5. Strákar og stelpur með eigin aðgang að samfélagsmiðlum. 18

Tafla 1.1. Hlutfall opinna og lokaðra aðganga meðal samfélagsmiðlanotenda. 19

Mynd 2.6. Hver af þessum fullyrðingum lýsir best því sem þú sýnir á samfélagsmiðlareikningum þínum? Prófílmyndin þín sýnir... 20

Mynd 2.7. Hvað heldur þú að vinir eða fylgjendur þínir séu margir á þessum miðlum? 21

Mynd 2.8. Ertu með fleiri en einn aðgang að einhverjum af samfélagsmiðlunum ? 22

Mynd 2.9. Hvers vegna notar þú fleiri en einn aðgang á einhverjum af samfélagsmiðlunum ? 23

Mynd 2.10. Þátttakendur sem eru með eða hafa verið með nafnlausan eða falskan aðgang að samfélagsmiðlum 24

Mynd 2.11. Hvers vegna stofnaðir þú falskan aðgang? 24

Mynd 2.12. Hafa foreldrar þínir stofnað fyrir þig eða hjálpað þér að stofna aðgang að samfélagsmiðlum? 25

3. NOTKUN SAMFÉLAGSMIÐLA

Mynd 3.1. Hefur þú sent peninga til einhvers á YouTube, TikTok eða Snapchat? 26

Mynd 3.2. Samfélagsmiðlanotkun. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi? 27


Mynd 3.3. Samfélagsmiðlanotkun. Þeir sem eru sammála eftirfarandi fullyrðingum. 28

Mynd 3.4. Samfélagsmiðlanotkun frh. 29
Mynd 3.5. Virknin á samfélagsmiðlum. 31
Mynd 3.6. Upplifun á samfélagsmiðlum. 32
Mynd 3.7. Ég tel það mikilvægt að fólk geti sagt það sem það vill á netinu, jafnvel þótt það komi öðrum í uppnám eða móðgi það. 33

4. SKAPANDI NETNOTKUN


Tafla 4.1. Þegar þú notar tölvur, spjaldtölvur eða farsíma, gerirðu eitthvað af þessu? 34
Mynd 4.1. Þegar ég er á netinu líður mér betur með sjálfan mig. 35
Hversu sammála eða ósammála ertu fullyrðingunni? 35
Mynd 4.2. Netnotkun hjálpar við að verða betri í hlutum sem gaman er að gera. 36
Mynd 4.3. Þegar ég er á netinu finnst mér ég minna stressaður/stressuð. 36
Mynd 4.4. Á netinu finn ég leiðbeiningar um hollan mat. 37
Mynd 4.5. Á netinu get ég oftast fundið leiðbeiningar um "life hack" og/eða tísku. 37
Mynd 4.6. Hefur þú séð umræður á netinu á undanförnu ári sem innihélt eftirfarandi [sjálfskaða, hatur og sölu ólöglegra efna] 38
Mynd 4.7. Hefur þú séð umræður á netinu á undanförnu ári sem innihélt eftirfarandi [sjálfskaða, hatur og sölu ólöglegra efna] 39

HELSTU NIÐURSTÖÐUR



Færri börn undir 13 ára á vinsælum samfélagsmiðlum


Áfram lækkar hlutfall barna í 4.-7. bekk á TikTok, Snapchat og Instagram.



Netnotkun hjálpar


Fjórir af hverjum tíu nemendum í 5. - 7. bekk segja netnotkun hjálpi þeim í að verða betri í því sem þeim finnst gaman að gera.

Á unglingastigi og í framhaldsskóla er hlutfallið 60 - 70%.




Ekki þrýstingur um vinsældir

Rúmur þriðjungur nemenda í 5. bekk og eldri finna aldrei þrýsting á að vera vinsæl á samfélagsmiðlum.



Að geta sagt hvað sem er


Kringum fjórðungur þátttakenda telja það mikilvægt að fólk geti sagt það sem það vill á netinu, jafnvel þótt það komi öðrum í uppnám eða móðgi það.



Farsímaeign

Heldur hefur dregið úr farsímaeign meðal grunnskólanema í 4. - 7. bekk (~9 – 12 ára).


2025 var farsímaeign 86%
2023 var farsímaeign 95%



Foreldraaðstoð

Mun færri 4. - 7. bekkingar segja foreldra sína hjálpi þeim að stofna samfélgsmiðlaaðgang en áður.


2025 aðstoð foreldra 37%
2023 aðstoð foreldra 62%



Falskur aðgangur

Færri grunnskólanemar hafa stofnað falskan eða nafnlausan aðgang að samfélagsmiðlum.


2025 í 8. - 10. bekk 37%
2023 í 8. - 10. bekk 27%



Sala á áfengi

Þeim framhaldsskólanemum hefur fjölgað sem sjá umræðu á netinu um sölu á áfengi.

2025 framhaldsskóli 33%
2023 framhaldsskóli 14%



Hatursorðræða

Þeim hefur fjölgað sem sjá hatursorðræðu á netinu sem beinist gegn ákveðnum þjóðfélagshópum.

2025 framhaldsskóli 53%
2023 framhaldsskóli 25%

INNGANGSORÐ

Á síðasta ári var Netvís, Netöryggismiðstöð Íslands (e. Safer Internet Centre) sett á laggirnar sem sérstakt lögbundið verkefni Fjölmiðlanefndar, en Netvís er ætlað að halda utan um rannsóknir, fræðslu og upplýsingamiðlun um félagslegt netöryggi, m.a. fyrir börn og ungmenni, foreldra og fagfólk. Til þess að sinna þessu verkefni hefur Fjölmiðlanefnd hlotið styrk úr Digital Europe styrktaráætlun Evrópusambandsins til næstu þriggja ára. Markmið áætlunarinnar er að auka fræðslu og vinna að vitundarvakningu um bæði tækifæri og áskoranir netsins fyrir börn og ungmenni í ríkjum Evrópu.

Ljóst er að stefna stjórnvalda um miðla- og upplýsingalæsi og félagslegt netöryggi barna og ungmenna þarf að byggja á áreiðanlegum gögnum og þekkingu á því hvernig þau nota netið og upplifa sig þar. Þá þarf fræðsluefni um miðla- og upplýsingalæsi og félagslegt netöryggi að byggja á gögnum þar sem hægt er að meta árangur af fræðslu og sjá þróunina aftur í tímann. Slík fræðsla getur aldrei orðið markviss sé hún byggð á tilgátum, almennum áhyggjum eða umræðu sem mótast fyrst og fremst af einstökum atvikum sem eru til umræðu í samfélaginu hverju sinni. Bæði stefnumótun og fræðsla þarf að taka mið af raunverulegri reynslu barna og ungmenna, þeim miðlum sem þau nota, samskiptamynstri þeirra og þeim áskorunum sem þau telja skipta mestu máli í daglegu lífi. Rannsóknin Börn og netmiðlar er grunnurinn að slíku starfi.

Rannsóknin Börn og netmiðlar miðar að því að byggja upp þekkingu á stafrænu lífi barna og ungmenna á Íslandi. Þetta er í þriðja sinn sem Menntavísindastofnun Háskóla Íslands hefur unnið slíka rannsókn upp úr spurningalistum sem lagðir eru fyrir börn og ungmenni hér á landi. Rannsóknin var fyrst gerð árið 2021, endurtekin 2023 og nú eru birtar niðurstöður rannsóknargagna sem safnað var árið 2025. Þetta samstarf Menntavísindastofnunar og Fjölmiðlanefndar hefur verið einstaklega farsælt frá upphafi.

Fyrir börn og ungmenni er netið ekki sérstakur heimur sem er aðskilinn frá daglegu lífi. Börn eiga í samskiptum á netinu, það er vettvangur fyrir leiki, nám, upplýsingaleit, sköpun og þátttöku barna og ungmenna í samfélaginu. Þannig er stafrænt umhverfi órjúfanlegur hluti af daglegu lífi barna. Það er líka sú nálgun sem endurspeglast í almennri athugasemd Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna nr. 25 um réttindi barna í stafrænu umhverfi. Þar er lögð áhersla á að réttindi barna gildi jafnt á netinu sem utan þess. Þannig hverfur ekki réttur barna til verndar, þátttöku, friðhelgi einkalífs og upplýsinga þegar samskiptin færast yfir á netið.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna ýmsar breytingar á milli ára. Í niðurstöðum má bæði merkja jákvæðar breytingar en jafnframt allnokkrar áskoranir. Sem dæmi hefur heldur dregið úr farsímaeign meðal yngri grunnskólanema og færri börn

segja foreldra sína aðstoða þau við að stofna aðgang að samfélagsmiðlum. Þá hefur meirihluti ungmenna fengið fræðslu um örugga netnotkun. Á sama tíma hefur þeim ungmennum sem sjá hatursorðræðu á netinu fjölgað og fleiri ungmenni sjá umræðu um sölu áfengis á netinu. Með hækkandi aldri fjölgar einnig vinabeiðnum frá einstaklingum sem þykjast vera aðrir en þeir eru.

Til að stuðla að félagslegu netöryggi barna þarf samstillta vinnu margra ólíkra aðila; foreldra, skóla, allra þeirra fjölmörgu aðila sem vinna í íþrótta- og tómstundastarfi, stjórnvalda auk tæknifyrirtækja. Það er mikilvægt að líta ekki á félagslegt netöryggi sem átaksverkefni, heldur er um að ræða viðfangsefni sem þarf sífellt að viðhalda, þróa og betrumbæta eftir því sem tækninni vindur fram og notkunin breytist. Jafnframt þarf að huga að því að fræðsluefni byggt á rannsóknum sé aðgengilegt ólíkum aldurshópum sem þurfa að fá fræðslu með reglubundnum hætti.

Vonandi verður rannsóknin góður grunnur fyrir framtíðar stefnumótun, áframhaldandi rannsóknir og fræðslu um félagslegt netöryggi barna sem tekur mið af reynsluheimi íslenskra barna og ungmenna á netinu.

ELFA ÝR GYLFADÓTTIR
Framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar

FRAMKVÆMD

Fyrirlögn könnunarinnar var rafræn með úrtaki skólanema á aldrinum 9 – 18 ára um land allt. Alls tóku 7.677 nemendur þátt, þar af voru 5.234 grunnskólanemar í 4. – 10. bekk og 2.443 framhaldsskólanemar.

Könnunin var framkvæmd með nokkuð mismunandi hætti á skólastigunum tveimur. Í þeim hluta könnunarinnar sem framkvæmdur var meðal grunnskólanema voru skólar slembivaldir í öllum landshlutum. Heimild var fengin hjá skólaskrifstofum viðkomandi sveitarfélaga til að hafa samband við skólastjóra innan umdæma þeirra. Grunnskólar sem tóku þátt voru 59 af 61 boðaðra skóla.

Skólarnir sendu forsjáraðilum nemenda upplýsingabréf frá rannsakendum um fyrirhugaða könnun og þeim gefinn kostur á að hafna þátttöku. Könnunin var lögð fyrir grunnskólanemendur í kennslustund eftir settum verklagsreglum. Fyrirlögn meðal nemenda framhaldsskóla var að nokkru leyti frábrugðin. Haft var samband við 32 framhaldsskóla á landinu öllu og samþykktu 23 þeirra þátttöku. Starfsmenn skóla sendu upplýsingar um fyrirhugaða könnun til forsjáraðila allra nemenda sem ekki höfðu náð 18 ára aldri. Netpóstur með fræðslu um könnunina og þátttökuhlekk var síðan sendur í gegnum skólana til allra nemenda sem voru 18 ára eða yngri og ekki höfðu hafnað þátttöku. Skólarnir sendu út tvær ítrekanir til mögulegra þátttakenda.

Allir nemendur voru upplýstir um að þeim bæri engin skylda til að taka þátt í könnuninni, þeir mættu sleppa spurningum og hætta þátttöku hvenær sem þeir vildu. Einnig var þeim greint frá að engra persónuupplýsinga væri aflað. Þátttakendur gátu valið að svara á íslensku, ensku eða pólsku. Jafnaframt var hægt að hlusta á upplestur spurninganna.

Spurningalistar voru að meginstofni til þeir sömu fyrir alla aldurshópa. Stysta útgáfan var fyrir nemendur í 4. bekk, en lengri listi var ætlaður nemendum í 5. – 7. bekk. Nemendur á unglingastigi (8. – 10. bekk) og í framhaldsskólum fengu spurningalista með fleiri efnisflokkum. Tímabil fyrirlagnar var frá miðjum september og fram í miðjan nóvember 2025. Niðurstöður fyrir grunnskólanema voru vigtaðar fyrir bekk og landssvæði, en fyrir framhaldskólanema var vigtað eftir kyni, aldri og landssvæði.

ÞÁTTTAKENDUR

Í töflunum á þessari síðu má sjá fjölda þátttakenda í grunn- og framhaldsskólum flokkaða eftir kyni og bekk eða aldri. Þar sem niðurstöður könnunarinnar eru vigtaðar eftir kyni með viðmiðunartölum frá Hagstofu Íslands er aðeins möguleiki að birta niðurstöður fyrir stelpur og stráka.

	Strákar		Stelpur		Stálp		Vill ekki svara	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
4. bekkur	353	48,6	345	47,5	7	1,0	21	2,9
5. bekkur	394	50,8	356	45,9	6	0,8	20	2,6
6. bekkur	383	46,6	414	50,4	8	1,0	17	2,1
7. bekkur	356	45,3	412	52,4	9	1,1	9	1,1
8. bekkur	350	49,1	354	49,6	3	0,4	6	0,8
9. bekkur	338	51,7	298	45,6	8	1,2	10	1,5
10. bekkur	378	49,9	357	47,2	10	1,3	12	1,6
Framhaldsskóli	966	39,5	1393	57,0	47	1,9	37	1,5
Samtals	3518	45,8	3929	51,2	98	1,3	132	1,7

ÞAKKIR

Við þökkum skólaskrifstofum og fræðslustjórum fyrir að veita skólunum leyfi til að taka þátt í könnuninni Börn og netmiðlar. Kennarar grunnskólanna sem samþykktu góðfúslega að sjá um könnunina og öll ungmennin sem svöruðu spurningalistanum eiga bestu þakkir skilið. Skólameisturum framhaldsskólanna þökkum við fyrir að taka jákvætt í erindi okkar og aðstoða okkur við framkvæmd könnunarinnar meðal framhaldsskólanema.

1. TÆKJAEIGN

Í þessum fyrsta hluta niðurstöðuskýrslunnar fyrir Börn og netmiðla 2025 er yfirlit yfir tækjaeign, smáforrit/öpp og miðla sem börnin sögðust nota. Við drögum fram helstu breytingar og setjum í samhengi við lykilþemu sem fjallað er um í skýrslunni. Í upphafi könnunarinnar voru þátttakendur spurðir hvort þeir ættu eða hefðu aðgang að farsíma, tölvu eða fartölvu, spjaldtölvu eða leikjatölvu, mynd 1.1.


Farsímar

Farsímar eru langalgengasta tækið á öllum skólastigum. Símarnir eru afar útbreiddir meðal nemenda, þar sem næstum allir eiga slíkt tæki. Í 4. – 7. bekk eiga 86% nemenda farsíma og 6% nota síma sameiginlega með fjölskyldu, í 8. – 10. bekk eiga 97% farsíma og í framhaldsskóla er eignarhlutfallið komið upp í 99%. Aðeins lítið brot yngri nemenda notar farsíma sem eru sameign með fjölskyldu. Þessar niðurstöður sýna að farsími virðist orðið nánast sjálfsagt tæki í daglegu lífi barna og ungmenna.

Leikjatölvur

Eign leikjatölva er nokkuð jöfn meðal aldurshópa en um helmingur nemenda á leikjatölvu og hlutfallið er mjög svipað á milli aldurshópa. Í 4. – 7. bekk eiga 58% nemenda leikjatölvu og 22% nota slíkt tæki með fjölskyldunni. Sama mynstrið sést á unglingastigi þar sem 62% nemenda eiga leikjatölvu og 18% nota hana sameiginlega með öðrum. Í framhaldsskóla eiga 59% nemenda leikjatölvu. Þetta sýnir að eign leikjatölva er nokkuð stöðug og breytist lítið eftir aldri sem bendir til þess að tölvuleikir séu víða hluti af tómstundum barna á öllum aldursstigum.

Mynd 1.1. Áttu eitthvað af þessu heima?



Spjaldtölvur

Eign spjaldtölva minnkar jafnt og þétt eftir því sem nemendur eldast. Í 4. – 7. bekk eiga 60% nemenda spjaldtölvu og 19% nota slíkt tæki með fjölskyldunni. Á unglingastigi eiga 53% spjaldtölvu og 17% nota hana sameiginlega, en í framhaldsskóla lækkar eignarhlutfallið niður í 50%, þar af 12% sem nota spjaldtölvu með fjölskyldu og 37% sem eiga ekki spjaldtölvu. Þetta sýnir að spjaldtölvur séu algengastar hjá yngri nemendum og missa vægi eftir því sem þau eldast.

Tölvur og fartölvur


Skýr breyting sést á tölvu- og fartölvueign með hækkandi aldri. Tölvur og fartölvur verða sífellt algengari eftir því sem nemendur eldast og hér sést mestur aldursmunur á snjalltækjaeign. Í 4. – 7. bekk eiga 41% nemenda tölvu eða fartölvu og 26% nota slíkt tæki með fjölskyldunni. Á unglingastigi eiga 60% nemenda eigin tölvu. Í framhaldsskóla er eignarhlutfallið síðan komið upp í 96%, sem sýnir að tölvur eru nánast almennar og afar mikilvægar á þessu stigi í námi, vinnu og samskiptum.

Mynd 1.2. sýnir í stuttu máli að kynjamunur er lítils háttar fyrir farsíma, greinilegur í þágu stelpna fyrir spjaldtölvur frá unglingastigi, í þágu stráka fyrir tölvur á grunnskólastigum sem jafnast út síðar í framhaldsskóla. Munurinn er mestur og stöðugur í þágu stráka þegar kemur að leikjatölvum.

Farsími

Eign farsíma er nánast jöfn milli kynja á öllum skólastigum og munurinn hverfandi; stelpur eru þó örlítið oftar með eigin síma, 88% á móti 85% hjá strákum í 4. – 7. bekk, 98% á móti 97% í 8. – 10. bekk og 99% á móti 98% í framhaldsskóla.

Mynd 1.2. Áttu eitthvað af þessu heima? *Strákar og stelpur*



Spjaldtölvur

Varðandi spjaldtölvur er myndin annars konar en hjá yngstu nemendum er munurinn enginn í reynd (61% strákar og 60% stelpur), en frá og með unglingastigi eiga stelpur oftar spjaldtölvu, 62% á móti 45% hjá strákum og í framhaldsskóla eru þær einnig fleiri (54% á móti 44%).

Tölvur og fartölvur


Strákar eru líklegri til að eiga eigin tölvur og fartölvur á grunnskólastigum, 53% á móti 29% í 4. – 7. bekk og 68% á móti 51% í 8. – 10. bekk, en sá munur jafnast nær alveg út í framhaldsskóla þar sem bæði strákar og stelpur eru í reynd með almenna eign um 96%.

Leikjatölvur

Mesti kynjamunurinn sést í eign á leikjatölvum, strákar eiga þær miklu oftar en stelpur á öllum stigum, 79% stráka á móti 38% stelpna hjá yngstu nemendum, 88% á móti 41% á unglingastigi og 82% á móti 42% í framhaldsskóla.

Sjá má á mynd 1.3 að farsímaeign eykst hratt frá níu ára aldri og verður fljótt nánast algjör hjá báðum kynjum. Um 75% stráka og 74% stelpna eiga farsíma við níu ára aldur, en við tíu ára aldur er eignin komin í 83% hjá strákum og 89% hjá stelpum. Þar eftir hækkar farsímaeign stöðugt en stelpur eru jafnan örlítið oftar með eiginn farsíma fram til 14 ára aldurs. Frá 14 ára aldri á síðan nær hvert einasta barn farsíma, þar sem eign er á bilinu 97–100% hjá báðum kynjum. Í stuttu máli verður farsímaeign nánast sjálfsögð frá miðjum barnsaldri og á unglingsárum eiga almennt allir farsíma.

Mynd 1.3. Farsímaeign eftir aldri.




2. SAMFÉLAGSMIÐLAR

Þátttakendur voru spurðir um hvort og hvaða samfélagsmiðla þeir notuðu. Spurningin var fjölvalsspurning, þ.e. merkja átti við alla miðla sem þátttakendur notuðu, mynd 2.1. Notkun smáforrita/appa breytist töluvert eftir aldri en myndin sýnir greinilega hvernig áherslur færast frá leikjum yfir í samfélagsmiðla með hækkandi aldri. YouTube er langvinsælasta appið í öllum aldurshópum, notað af 78% yngstu nemendanna, 84% á unglingastigi og 85% í framhaldsskóla. Snapchat og TikTok verða síðan mjög ráðandi þegar komið er á unglingastig, þar sem bæði öppin stökkva upp í yfir 80% notkun og halda áfram að vera algeng í framhaldsskóla. Á yngri árum er Roblox eitt vinsælasta appið, notað af um 73% í 4. – 7. bekk, en notkunin minnkar mikið eftir því sem krakkarnir eldast.

Mynd 2.1. Notar þú eitthvað af eftirtöldu? (4. bekkur - framhaldsskóli)

Birting: Allir þátttakendur.




Notkun samfélagsmiðla breytist nokkuð milli skólastiga. Instagram fer úr lítilli notkun hjá yngstu nemendum, aðeins nokkrum prósentum í 65% á unglingastigi og um 90% í framhaldsskóla. Sama má sjá með Facebook, sem er nánast ónotað hjá yngstu nemendum en verður hluti af daglegri notkun hjá um 73% framhaldsskólanema. Discord nær fyrst verulegri útbreiðslu á unglingastigi og minnkar svo aftur í framhaldsskóla. Heildarmyndin sýnir þannig að leikjaöpp víkja smám saman fyrir samfélagsmiðlum og samskiptatólum, á meðan YouTube helst vinsælasta appið hjá öllum aldurshópum.

Nemendur í 4. og 5. bekk fengu heldur styttri lista um öpp sem þau mögulega notuðu. Því má sjá á mynd 2.2 að svarendur eru nemendur í 6. bekk og eldri sem spurðir eru um notkun sína á nefndum öppum.

Mynd 2.2. Notar þú eitthvað af eftirtöldu? (6. bekkur - framhaldsskóli)

Birting: Allir þátttakendur í 6. bekk og eldri.




Notkun þessara appa eykst almennt með aldri en mesta aukningin er á notkun Messenger, ChatGPT og Pinterest. Messenger fer úr um 32% notkun í 6.–7. bekk í 52% á unglingastigi og upp í 75% í framhaldsskóla. ChatGPT vex á svipaðan hátt, úr 31% í 55% og síðan 72%. Pinterest styrkist líka jafnt og þétt, úr 26% í 42% og 51%. Stærsta stefnubreytingin milli skólastiga er að WhatsApp er tiltölulega sterkt hjá yngstu nemendum (47%) en dregst síðan saman í 34% og 22%. Á móti sjáum við ný tól bæta við sig með aldrinum – Strava fer t.d. úr 2% upp í 25%, og Twitter og Reddit hækka einnig hóflega frá grunnskóla og upp í framhaldsskóla

Í opnum lið spurningarinnar þar sem hægt var að setja inn aðra samfélagsmiðla sem ekki voru í upptalningunni, töldu svarendur upp YouTube Kids sem ekki var aðgreindur frá YouTube í listanum sem lagður var fyrir nemendur. Einnig voru þónokkrir sem nefndu Spotify.

Dagleg notkun samfélagsmiðla eykst greinilega eftir því sem nemendur eldast, sjámynd 2.3. Snapchat notkun er langmest á efri skólastigum og hækkar stöðugt með aldri, úr rúmum 60% hjá yngstu notendunumí 7. bekk í um 85 – 95% á unglingastigi og er rúm 90% í framhaldsskóla. TikTok fylgir svipuðu mynstri, notkun er mikil í 7. bekk, um 67%, eykst lítillega á unglingastigi og er mjög há í framhaldsskóla, rúm 90%. YouTube er einnig eitt af þeim öppum sem margir nota daglega, sérstaklega hjá yngri krökkum þar sem tæp 70% nota það daglega, en notkun minnkar aðeins með aldrinum. Instagram er aftur á móti minna notað daglega í 7. bekk (29 – 40%), en verður sífellt algengara og nær um 83 – 91% daglegrar notkunar í framhaldsskóla.

Mynd 2.3. Hlutfall sem notar samfélagsmiðlana daglega eða oft á dag.




Heildarmyndin sýnir að Snapchat og TikTok verða ríkjandi samskipta- og afþreyingarmiðlar eftir því sem nemendur eldast, YouTube er sterkast hjá yngstu börnunum, og Instagram tekur stórt stökk upp á við þegar komið er á framhaldsskólastig.

Nemendur sem notuðu upptalda miðla voru spurðir hvort og hvernig aðgang þeir hefðu að algengustu samfélagsmiðlunum, mynd 2.4. Aðgangur að samfélagsmiðlum eykst skýrt með aldri og eru nemendur langoftast með eigin aðgang. Í 4. – 7. bekk eru flestir notendur með eigin aðgang að Snapchat, Instagram, Facebook og TikTok (um 76 – 80%), og þessi hlutföll hækka nánast í 100% í 8. – 10. bekk og framhaldsskóla. YouTube sker sig úr með lægra hlutfall eigin aðgangs hjá yngri nemendum (42%), en fer í 73% á unglingastigi og 86% í framhaldsskóla. Að deila aðgangi með fjölskyldu er mun algengara á yngsta skólastiginu og helst einkum í YouTube, en mjög lítið í hinum miðlunum.

Mynd 2.4. Hlutfall með aðgang að eftirfarandi samfélagsmiðlum.


Birtingarskilyrði: Að nota miðilinn



Heildarmyndin sýnir að lang flestir í eldri aldurshópunum sem nota miðlana eru með eigin aðgang. Aðgangur sem er deilt með fjölskyldu og takmarkaður aðgangur er algengast á meðal yngstu nemendanna, sérstaklega tengt YouTube.

Í stuttu máli er hjá öllum aldurshópum eigin aðgangur nánast sjálfgefinn á Snapchat, Instagram og TikTok. Eigin aðgangur er hins vegar aðeins breytilegri í YouTube og Facebook hjá yngstu nemendunum, þar sem eigin aðgangur er nánast algildur í framhaldsskóla.

Mynd 2.5. Strákar og stelpur með eigin aðgang að samfélagsmiðlum.



Mynd 2.5 sýnir hlutfall stráka og stelpna með eigin aðgang að mismunandi samfélagsmiðlum. Í 4. – 7. bekk er eigin aðgangur þegar orðin almennur að þeim samfélagsmiðlum sem ungmennin nota. Hjá notendum Snapchat er 80% bæði stráka og stelpna með eigin aðgang. Notendur Instagram eru færri með eigin aðgang, meðal stráka í 4. – 7. bekk eru það 72% en 80% meðal stelpna. Að vera með eigin aðgang að TikTok er mjög vinsælt hjá báðum hópum, 81% hjá strákum og 77% hjá stelpum. YouTube sker sig úr, en hjá stelpum eru eigin aðgangur meðal 33% samanborið við 51% hjá strákum. Eigin aðgangur að Facebook er hjá 75% stráka og 81% stelpna.

Í 8. – 10. bekk eykst það verulega að notendur séu með eigin aðgang að öllum miðlum. Snapchat fer í 98% meðal stráka og 98% stelpna. Instagram og TikTok eru bæði með 96% – 97% notkun eigin aðgangs hjá báðum kynjum. YouTube aðgangur er meðal 83% stráka og 62% stelpna sem sýnir nokkurn mun milli hópa. Að hafa eigin aðgang meðal notenda að Facebook er einnig mjög almennt, eða 96% eigin aðgangur hjá strákum og stelpum.

Í framhaldsskóla er eigin aðgangur að samfélagsmiðlum nánast almennur. Snapchat nær 99% hjá bæði strákum og stelpum. Instagram og TikTok eru með 98% – 100% notkun. Notendur YouTube með eigin aðgang eru hjá 92% strákum og 80% stelpna. Eigin Facebook-aðgangur meðal notenda miðilsins er áfram mjög algengur, 96% meðal stráka og 99% stelpna.

Heildarmyndin sýnir að langflestir í öllum aldurshópum hafa eigin aðgang að þeim samfélagsmiðlum sem þeir nota og eykst með aldri. Munur milli stráka og stelpna er almennt lítill.

Þeir sem voru með eigin aðgang að samfélagsmiðlum voru spurð að því hvort þau væru með opinn reikning sem allir geta séð, lokaðan sem einungis vinir geta séð eða hvoru tveggja opinn og lokaðan, sjá töflu 1.1.

Tafla 1.1. Hlutfall opinna og lokaðra aðganga meðal samfélagsmiðlanotenda.
Biringarskilyrði. Að vera með eigin aðgang að miðlunum.


Miðill	Bekkir	Bara opinn (%)	Bara lokaðan (%)	Opinn og lokaðan (%)	Veit ekki (%)
Snapchat	4.-7. bekkur	25	40	8	26
	8.-10. bekkur	29	41	9	22
	Framhaldsskóli	24	52	10	14
Instagram	4.-7. bekkur	28	47	10	15
	8.-10. bekkur	30	55	7	8
	Framhaldsskóli	37	50	11	3
TikTok	4.-7. bekkur	44	36	11	9
	8.-10. bekkur	47	33	15	5
	Framhaldsskóli	43	41	15	2
YouTube	4.-7. bekkur	26	32	7	36
	8.-10. bekkur	36	35	5	24
	Framhaldsskóli	28	49	3	20
Facebook	4.-7. bekkur	39	24	13	24
	8.-10. bekkur	40	41	5	13
	Framhaldsskóli	38	46	5	11

Eftir því sem aldur þátttakenda hækkar velja fleiri lokaðan aðgang sem sést skýrt í framhaldsskóla, þar sem 52% er með lokaðan aðgang á Snapchat, 50% á Instagram, á YouTube 49% og á Facebook 46%. Þeim fækkar því þar á móti í framhaldsskóla sem eru með opinn reikning á þessum miðlum. TikTok sker sig aðeins úr með 43% notendanna í framhaldsskóla með opninn reikning og 41% með lokaðan, sem er nokkuð jafnt.

Hjá yngstu nemendum (4. – 7. bekkur) er myndin óljósari, einkum á YouTube þar sem 36% vita ekki stöðuna (26% opið, 32% lokað), en á Snapchat og Instagram segjast samt 40 – 47% vera með lokað og 25 – 28% með opið. Hlutfall þeirra sem eru með bæði opinn og lokaðan reikning er lágt, yfirleitt 7 – 11%, hæst er það á TikTok, 15% hjá eldri hópum. Þeir sem vita ekki fækkar að jafnaði með aldri á öllum miðlum t.d. Instagram sem fækkar úr 15% í framhaldsskóla í 3% í 4. - 7. bekk.

Í stuttu máli verða lokaðir reikningar ríkjandi með aldri, TikTok er jafnara milli opins og lokaðs en aðrir miðlar, og YouTube hefur mesta óvissu – sérstaklega hjá þeim yngstu.

Mynd 2.6. Hver af þessum fullyrðingum lýsir best því sem þú sýnir á samfélagsmiðlareikningum þínum? Prófílmyndin þín sýnir...



Mynd 2.6 sýnir skýra þróun með aldri, eftir því sem nemendur eldast eru þeir mun líklegri til að hafa prófílmynd af sjálfum sér sem allir geta séð. Í 6. – 7. bekk birta þannig myndir 12% stráka og 9% stelpna, en hlutfallið hækkar í 27% stráka og 40% stelpna í 8. – 10. bekk og verður hæst í framhaldsskóla, 56% stráka og 74% stelpna. Á yngstu stigunum er algengara að nota mynd af einhverju öðru (um 20%) eða hafa engar myndir (um 22–25%), en þessi valkostur minnkar með aldrinum. Teiknimyndir eða táknmyndir eru tiltölulega fátíðar á öllum stigum og hlutfall þeirra sem vita ekki er hæst hjá yngstu nemendum en fer minnkandi upp í framhaldsskóla.

Heildarmyndin sýnir að eldri nemendur eru miklu líklegri til að nota eigin mynd sem opinberan prófíl, en yngri eru varfærnari og nota annað efni eða engan prófílmynd.


Hér til hliðar má sjá samantekt af nokkrum af vinsælustu lýsingum sem þátttakendur settu inn undir liðnum „Eitthvað annað“ í spurningunni um hvaða mynd þau settu í prófíl sinn á samfélagsmiðlum.

Stafurinn minn
Anime Hundurinn minn
Náttúrumynd Svartur litur
Barnamynd af mér
Kettinum mínum Sólsetur
Bíll Mynd af mér (ekki andlit)
Fótboltamanni **Himinn**
Blóm Bleikur litur
Vinur/vinkona

Flest ungmenni telja sig vera með fáa til miðlungs marga fylgjendur á flestum miðlum, mynd 2.7. Munurinn milli 8. – 10. bekkjar og framhaldsskóla er ekki mikill, þó sést að aðeins fleiri framhaldsskólanemar telja fylgjendur sína vera á bilinu 101 – 500 en í 8. – 10. bekk.

Mynd 2.7. Hvað heldur þú að vinir eða fylgjendur þínir séu margir á þessum miðlum?

Birtingarskilyrði að vera með eigin aðgang




Á Snapchat eru flestir með 0–100 vini/fylgjendur. Á TikTok er örlítið fleiri vinir/fylgjendur, þar sem flestir segjast vera með 101–500 fylgjendur (29% – 35%). Á Instagram eru skýrari aldursbreytingar, þar sem 8. – 10. bekkingar eru að mestu í 0–100 hópnum, en framhaldsskólanemar eru mun oftar með 101–500 fylgjendur (46%). YouTube sker sig úr, þar sem yfirgnæfandi meirihluti er með 0 – 50 fylgjendur, 73% í 8. – 10. bekk og 80% í framhaldsskóla, sem bendir til þess að fæstir noti miðilinn sem félagslegan miðil. Á Facebook eru flestir einnig með 0 – 50 fylgjendur.

Samantekið eru ungmenni almennt með hóflega stórt tengslanet á samfélagsmiðlum, en fylgjendafjöldi eykst á Instagram og TikTok þegar komið er upp í framhaldsskóla, á meðan Snapchat og YouTube haldast að mestu í lægri flokkum.

Niðurstöðurnar sýna að það verður algengara með aldri að vera með fleiri en einn aðgang að sama samfélagsmiðli, mynd 2.8. Í 6. – 7. bekk segja um þriðjungur bæði stráka og stelpna að þeir séu með fleiri en einn aðgang. Í 8. – 10. bekk hækkar hlutfallið í um 46% stráka og 57% stelpna, og í framhaldsskóla er það orðið 46% stráka og 63% stelpna. Hlutfall þeirra sem eru ekki með fleiri en einn aðgang minnkar eftir því sem nemendur eldast og enn færri segja að þeir viti það ekki.

Samantekið eru eldri nemendur, sérstaklega stelpur, mun líklegri til að vera með fleiri en einn aðgang að sama samfélagsmiðli.


Mynd 2.8. Ertu með fleiri en einn aðgang að einhverjum af samfélagsmiðlunum ?



„ÞVÍ AÐ ÉG ER MEÐ LÍTIÐ FYRIRTÆKI“
11 ÁRA

Þeir sem höfðu stofnað fleiri en einn aðgang að samfélagsmiðlum voru spurðir hvers vegna þau hefðu gert það, mynd 2.9. Niðurstöðurnar sýna að ungmenni nota fleiri en einn samfélagsmiðlareikning fyrst og fremst af þremur ástæðum. Algengast er að hafa sérstakan reikning fyrir áhugamál, og þessi ástæða er mjög áberandi hjá strákum á öllum aldursstigum, sérstaklega í 8. – 10. bekk þar sem um 44% nefna þetta.

Mynd 2.9. Hvers vegna notar þú fleiri en einn aðgang á einhverjum af samfélagsmiðlunum ?




Næstalgengast er að vera með reikning fyrir sína nánustu og annan fyrir aðra, en þann valkost eru stelpur mun líklegri til að velja en strákar, sérstaklega í 8. – 10. bekk, 60% stelpna samanborið við 20% stráka og í framhaldsskóla, 64% stelpna en aðeins 24% stráka. Þriðji stærsti flokkurinn er annar tilgangur, sem er tiltölulega algengur hjá báðum kynjum og er nokkuð svipaður milli skólastiga, oft í kringum 19–33%. Í opnu svörunum var algengt að nefna að aðgangurinn væri til vara ef lykilorð skyldi gleymast, fyrir félagsstarfið með öðrum innan skóla eða íþróttafélaga.

Í stuttu máli, strákar eru helst með marga aðganga vegna áhugamála, en stelpur til að aðgreina milli nánustu og annarra, og báðir hópar nota stundum fleiri en einn reikning í öðrum óskilgreindum tilgangi.

„FYRIR NEMANDARÁÐIÐ OG KÖRFUBOLTALIÐIÐ“
15 ÁRA


Hlutfall þeirra sem hafa einhvern tíma verið með nafnlausan eða falskan aðgang hækkar greinilega með aldri. Í 6. – 7. bekk hafa 12% stráka og 9% stelpna stofnað slíka aðganga, í 8. – 10. bekk hækka tölurnar í 24% stráka og 30% stelpna, og í framhaldsskóla eru hlutföllin komin í 32% stráka og 43% stelpna.

Mynd 2.10. Þátttakendur sem eru með eða hafa verið með nafnlausan eða falskan aðgang að samfélagsmiðlum



Flest ungmenni sem hafa stofnað falskan eða nafnlausan aðgang nefna að það hafi verið til að aðrir þekktu þau ekki, mynd 2.11. Þessi ástæða er afgerandi á öllum skólastigum, um 48% í 6. – 7. bekk, 52% í 8. – 10. bekk og 51% í framhaldsskóla. Næst algengasta ástæðan er til að fylgjast með öðrum þar sem hlutfall eykst með aldrinum úr 25% hjá yngstu nemendum upp í 34% í framhaldsskóla. Þriðja helsta ástæðan er annar tilgangur, sem nefndur er af um 17 – 24% nemenda og er hlutfall nokkuð svipað milli aldurshópa.

Mynd 2.11. Hvers vegna stofnaðir þú falskan aðgang?




Í opnu svörunum um ástæðu nafnlauss eða falsks aðgangs var algengt að nefna að tilgangurinn væri til að verjast því að gefa upp persónulegar upplýsingar svo sem nafn eða til að geta skoðað reikninga hjá öðrum án þess að skilja eftir sig auðrekjanleg fótspor.

„EINS OG ÉG SAGÐI, TIL ÞESS AÐ TALA VIÐ GUGGUR“
16 ÁRA

Niðurstöðurnar sýna að því eldri sem börnin eru, því algengara er að foreldrar hafi hjálpað þeim að stofna samfélagsmiðlareikning, mynd 2.12.

Mynd 2.12. Hafa foreldrar þínir stofnað fyrir þig eða hjálpað þér að stofna aðgang að samfélagsmiðlum?

Hlutfall 9 - 13 ára sem svarar, Já




Hjá 9 ára nemendum svara 25% stráka og 22% stelpna að foreldrar hafi aðstoðað þau, en hlutföllin hækka stöðugt með aldrinum. Við 11 ára aldur eru þetta komið í 44% stráka og 45% stelpna, og hæst eru hlutföllin hjá 12 og 13 ára þar sem 43–41% stráka og 59–62% stelpna segja foreldra hafa stofnað eða hjálpað til við að stofna aðgang.

Það er jafnframt vert að nefna að samkvæmt notendaskilmálum margra samfélagsmiðla eru þeir almennt ekki ætlaðir börnum yngri en 13 ára. Í sumum tilvikum geta foreldrar heimilað notkun og aðstoðað við aðgang að þjónustunni.

3. NOTKUN SAMFÉLAGSMIÐLA

Fá ungmenni hafa sent peninga til einhvers á YouTube, TikTok eða Snapchat. Í öllum aldurshópum segir yfirgnæfandi meirihluti, 84 – 94%, að þau hafi aldrei gert þetta.

Mynd 3.1. Hefur þú sent peninga til einhvers á YouTube, TikTok eða Snapchat?



Strákar eru aðeins líklegri en stelpur til að hafa sent peninga, sérstaklega á unglingastigi og í framhaldsskóla þar sem um 12% stráka hafa gert það, en aðeins 5% stelpna.


Heildarniðurstaða, sending peninga á samfélagsmiðlum er mjög sjaldgæf meðal barna og ungmenna.

UPPLIFUN AF SAMFÉLAGSMIÐLUM

Á mynd 3.2. eru settar saman nokkrar spurningar sem fjalla allar um upplifun ungmenna af samfélagsmiðlum. Spurningarnar varpa ljósi á það hvernig ungmenni nota samfélagsmiðla til samskipta við vini, hvernig þau meta eigin notkun, hvort þau velti fyrir sér áreiðanleika efnis og hvort þau hafi einhvern tíma séð eftir því sem þau hafa birt.

Mynd 3.2. Samfélagsmiðlanotkun. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi?

Birtingarskilyrði: Vera með samfélagsmiðlaaðgang, eigin eða með fjölskyldu.



a) Ég hef mikið samband við vini mína á samfélagsmiðlum

Flest ungmenni eru sammála þessu, og hlutfallið hækkar með aldri. Í 8. – 10. bekk eru um 70% sammála, og í framhaldsskóla fer það upp í um 80%. Fáir eru ósammála, og mjög fáir segja að þeir viti það ekki.

b) Ég eyði miklum tíma á samfélagsmiðlum

Mikill meirihluti telur sig eyða miklum tíma á samfélagsmiðlum, sérstaklega í framhaldsskóla þar sem um 71% eru sammála. Í 8. – 10. bekk eru 55% sammála, en stærri hópur en á unglingastigi segir hvorki né. Ósammála er aðeins lítið hlutfall í báðum hópum.

c) Erfitt að vita hvaða fréttum ég get treyst á samfélagsmiðlum

Talsverður hluti ungmenna telur erfitt að vita hvaða fréttum má treysta á samfélagsmiðlum. Í 8. – 10. bekk eru 30% sammála, og 39% í framhaldsskóla. Aðeins stærri hluti velur „hvorki né", en hlutfall þeirra sem eru ósammála lækkar með aldri.


d) Ég hef séð eftir einhverju sem ég hef deilt á samfélagsmiðlum

Hlutfall þeirra sem eru sammála hækkar með aldri. Í 8. – 10. bekk eru um 22% sammála, en í framhaldsskóla er það komið í 36%. Hlutfall þeirra sem eru ósammála er nokkuð hátt. Álíka margir í yngri aldurshópnum velja „hvorki né" (22%) en er 28% í framhaldsskóla.

Á mynd 3.3. má sjá svör stráka og stelpna sem eru sammála fullyrðingunum.

Mynd 3.3. Samfélagsmiðlanotkun. Þeir sem eru sammála eftirfarandi fullyrðingum.

Birtingarskilyrði: Vera með samfélagsmiðlaaðgang, eigin eða með fjölskyldu.




Stelpur eru almennt örlítið líklegri en strákar til að segjast í miklu sambandi við vini á samfélagsmiðlum og eyði þar miklum tíma ásamt því að vera líklegri til að finnast erfitt að treysta fréttum á samfélagsmiðlum. Strákar í 8. – 10. bekk eru örlítið líklegri en stelpur að sjá eftir einhverju sem þeir hafa deilt á samfélagsmiðlum, stelpurnar eru hins vegar líklegri til þess en strákar í framhaldsskóla.

Á mynd 3.4. eru teknar saman nokkrara fullyrðingar um tíðni notkunar og aðgerða á samfélagsmiðlum.

Mynd 3.4. Samfélagsmiðlanotkun frh.

Birtingarskilyrði: Vera með samfélagsmiðlaaðgang, eigin eða með fjölskyldu.



* Sem bara vinir eða fylgjendur geta séð
** Sem allir geta séð.

a) Hversu oft setur þú like eða hjarta við færslur?

Tíðni þess að „læka" eða setja daglega hjarta við færslur eykst með aldri og er langhæst hjá framhaldsskólanemum þar sem 69% gera þetta á hverjum degi. Í 8. – 10. bekk gera 62% það daglega og í 4. – 7. bekk 24%.

b) Hversu oft deilir þú eða sendir myndbönd á YouTube, Snapchat, TikTok eða Instagram?

Í 8. – 10. bekk eru deilingar mestar á þessum miðlum, þar sem 40% deila myndefni daglega. Hlutfallið er aðeins hærra í framhaldsskóla (42%) en mun lægra hjá yngstu (14%), þar sem meirihlutinn deilir myndefni sjaldnan eða aldrei.

c) Hversu oft deilir þú myndum eða myndböndum í lokuðum hópum?

Deiling í lokuðum hópum er algengust í framhaldsskóla þar sem 33% gera þetta á hverjum degi. Í 8. – 10. bekk er hlutfallið lægra (26%) og enn minna um daglegar deilingar hjá yngstu nemendunum.

d) Hversu oft deilir þú myndum eða myndböndum í opnum aðgangi?

Að deila daglega í opnum aðgangi er almennt mjög sjaldgæft, og hæsta tíðnin er í 8. – 10. bekk þar sem 15% gera þetta daglega. Flestir í öllum aldurshópum deila myndefninu annaðhvort sjaldnar eða aldrei í opnum aðgangi eða um 60% hjá 4. – 7. bekk , 45% hjá 8. – 10. bekk og 40% meðal framhaldsskólanema.

e) Hversu oft setur þú inn komment á samfélagsmiðlum?


Að kommenta daglega er sjaldgæft, sérstaklega hjá yngstu nemendunum. Í 4. – 7. bekk segja 26% að þau geri það sjaldan og 42% að þau geri það aldrei. Á unglingastigi eru rétt rúmur helmingur, 51%, sem kommentar sjaldan eða aldrei. Í framhaldsskóla sést minni virkni, þar sem 61% kommenta sjaldan eða aldrei.

Í heildina er kynjamunur lítill, nema á mynd 3.5a, þar sem stelpur setja like eða hjörtu við samfélagsmiðlafærslur mun oftar en strákar á öllum skólastigum. Í hinum fjórum virkniþáttum á samfélagsmiðlunum eru strákar og stelpur mjög svipuð og lítill munur sést á virkni stráka og stelpna.

Mynd 3.5. Virknin á samfélagsmiðlum.

Birtingarskilyrði: Vera með samfélagsmiðlaaðgang, eigin eða með fjölskyldu.

Dagleg virkini



* Sem bara vinir eða fylgjendur geta séð
** Sem allir geta séð.

Mynd 3.6 sýnir að hlutfall nemenda sem segist alltaf eða oft upplifa ákveðin áhrif samfélagsmiðla er fremur breytilegt eftir aldri.


a) Þegar spurt var hvort nemendur fyndu sig nær vinum sínum í gegnum samfélagsmiðla sögðu 24% nemenda í 5.–7. bekk að það ætti við um þá alltaf eða oft. Í 8. – 10. bekk hækkaði hlutfallið í 43% og var hæst í framhaldsskóla, þar sem 47% sögðust upplifa þetta alltaf eða oft.

b) Spurt var um hvort nemendur finni fyrir þrýstingi á að vera vinsælir á miðlum eins og Snapchat, Instagram eða TikTok, en slík upplifun á þrýstingi eykst með aldri. Í 5.–7. bekk sögðust 8% nemenda upplifa þrýsting alltaf eða oft, í 8.–10. bekk voru það 16% og í framhaldsskóla 19%. Þótt um minnihluta nemenda sé að ræða má sjá að upplifunin verður algengari með hækkandi aldri.

c) Óvinsamleg eða grimm samskipti á samfélagsmiðlum virðast ekki ríkjandi í öllum aldurshópum. Þessi spurning birtist ekki í 5. – 7. bekk. Í 8. – 10. bekk var hlutfallið 15% og hækkaði í framhaldsskóla þar sem 18% nemenda sögðust upplifa óvingjarnlegt umhverfi alltaf eða oft. Þetta bendir til að nánast tveir af hverju tíu nemendum í framhaldsskóla upplifi óvingjarnt og grimmt viðmót á samfélagsmiðlum.

Mynd 3.6. Upplifun á samfélagsmiðlum.


Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi?



Mynd 3.7 sýnir afstöðu nemenda í 8. – 10. bekk og í framhaldsskóla til fullyrðingarinnar um að mikilvægt sé að fólk geti sagt það sem það vill á netinu, jafnvel þótt það komi öðrum í uppnám eða móðgi.

Mynd 3.7. Ég tel það mikilvægt að fólk geti sagt það sem það vill á netinu, jafnvel þótt það komi öðrum í uppnám eða móðgi það.

Birtingarskilyrði: Allir í 8. bekk og eldri



Meðal stráka í 8. – 10. bekk eru 29% sammála fullyrðingunni, 36% hvorki sammála né ósammála, 17% ósammála og 17% taka ekki afstöðu. Í framhaldsskóla eykst hlutfall stráka sem eru sammála í tæpan helming þeirra (46%) en 37% eru hvorki sammála né ósammála, 11% eru ósammála og 7% segja veit ekki. Niðurstöðurnar benda til þess að stuðningur við fullyrðinguna aukist með aldri meðal stráka og að óvissa og andstaða minnki samhliða.

Hjá stelpum í 8. – 10. bekk eru 14% sammála fullyrðingunni, 44% hvorki sammála né ósammála, 28% ósammála og 14% taka ekki afstöðu. Í framhaldsskóla eru hlutföllin mjög svipuð, 16% sammála, 45% hvorki sammála né ósammála, 33% ósammála og 7% segja veit ekki. Hér er stuðningur við fullyrðinguna minni en hjá strákum á báðum námsstigum og hlutfall ósammála hærra, sérstaklega í framhaldsskóla.

Í heild má sjá skýran mun milli hópa, þar sem strákar, einkum í framhaldsskóla, eru líklegri til að vera sammála fullyrðingunni en stelpur um að þeir telji mikilvægt að fólk geti sagt það sem það vill á netinu, jafnvel þótt það komi öðrum í uppnám eða móðgi það.

4. SKAPANDI NETNOTKUN

Mikilvægt er að spyrja ungmenni um skapandi netnotkun þar sem slík virkni styður við tjáningu, sjálfstraust og stafræna hæfni. Jafnframt veitir það innsýn í hvort þau hafi tækifæri til að nota netið á uppbyggilegan og jákvæðan hátt. Einnig skiptir máli að kanna hvernig ungmenni nýta netið til að afla sér upplýsinga um áhugamál og heilbrigða lífshætti.

Tafla 4.1. Þegar þú notar tölvur, spjaldtölvur eða farsíma, gerirðu eitthvað af þessu?

	8. - 10. bekkur		Framhaldsskóli	
	Strákar (%)	Stelpur (%)	Strákar (%)	Stelpur (%)
Leitar að myndum til að nota í skapandi verkefnum	26	51	46	66
Ekkert af þessu	42	21	25	13
Fylgir kennslumyndböndum til að búa til eða gera eitthvað	14	27	35	49
Bætir fyndnum filterum á mynd	29	51	32	53
Skoðar eða dæmir eitthvað á netinu	12	13	29	35
Lagar myndir til að bæta gæði þeirra	12	16	17	26
Forritar	9	5	14	4
Býrð til eða breytir tónlist á netinu	8	6	14	9
Gerir teikningar eða myndir á netinu.	10	16	12	17
Býr til hreyfimyndir (animation), meme eða gif	10	9	11	8
Býrð til vefsíðu, app eða leik	8	4	11	6
Býrð til klippubók með hugmyndum eins og Pinterest	3	23	7	32
Gerir hlaðvarp/podcast	2	4	5	12
Skrifar blogg eða greinar	1	2	5	4
Býrð til vlogg	3	15	4	15
Býrð til myndabók eða dagatal á netinu	2	6	4	15

Helstu niðurstöður í töflu 4.1 sýna að algengasta skapandi netnotkun ungmenna er að leita að myndum til að nota í verkefnum, en þar eru sérstaklega framhalds-skólastelpur áberandi með 66% og stelpur í 8.–10. bekk með 51%, hlutfall stráka er mun lægra (26% - 46%).

Einnig er töluverður hópur sem fylgir kennslumyndböndum til að búa til eða gera eitthvað, meðal annars 49% framhaldsskólastelpna og 27% stelpna í 8.–10. bekk. Hlutfall stráka var lægra í báðum flokkum, 14% - 35%.

Að bæta fyndnum filterum á myndir er einnig algengt, sérstaklega hjá stelpum í

framhaldsskóla (53%) og í 8.–10. bekk (51%). Um þriðjungur framhaldsskólanema notar netið til að skoða eða dæma eitthvað, strákar 29% og stelpur 35%. Lagfæring á myndum til að bæta gæði þeirra er einnig tiltölulega algengt ekki síst hjá stelpum í framhaldsskóla (29%).


Þó færri nemendur búi til myndasafn (e. board) með hugmyndum eins og á Pinterest er þetta engu að síður áberandi hjá framhaldsskólastelpum, þar sem 32% taka þátt í slíkri virkni, sem er mun hærra hlutfall en í öðrum hópum. Hlutfall stráka sem gera klippu- bækur á netinu er mun lægra (3% - 7%).

Hlutfall þeirra sem eru sammála því að þeim líði betur með sjálfan sig þegar þau eru á netinu er u.þ.b. fjórðungur í öllum aldurshópum, mynd 4.1. Í 5. – 7. bekk eru 30% stráka og 22% stelpna frekar/mjög sammála. Í 8. – 10. bekk hækka hlutföllin lítillega í 31% hjá strákum og 26% hjá stelpum. Í framhaldsskóla eru 31% stráka og 22% stelpna sammála fullyrðingunni. Þessar niðurstöður sýna að rúmur fjórðungur nemenda upplifir jákvæð áhrif netsins á sjálfsmynd og hlutföllin haldast tiltölulega stöðug eftir aldri.

Mynd 4.1. Þegar ég er á netinu líður mér betur með sjálfan mig.

Hversu sammála eða ósammála ertu fullyrðingunni?

Birting: Allir í 5. bekk og eldri




Mynd 4.2 sýnir hlutfall nemenda sem telja að netnotkun hjálpi þeim að verða betri í því sem þeim finnst gaman að gera eykst með aldri og er hærra hjá stelpum en strákum í öllum aldurshópum. Í 5.–7. bekk eru 46% stráka og 37% stelpna sammála fullyrðingunni. Í 8.–10. bekk hækka hlutföllin í 53% hjá strákum og 61% hjá stelpum.

Mynd 4.2. Netnotkun hjálpar við að verða betri í hlutum sem gaman er að gera.

Hversu sammála eða ósammála ertu fullyrðingunni?

Birting: Allir í 8. bekk og eldri




Í framhaldsskóla er stuðningurinn mestur, 71% stráka og 69% stelpna eru sammála því að netið hjálpi þeim að þróa hæfni í áhugamálum sínum. Niðurstöðurnar benda til þess að netið verði sífellt mikilvægara verkfæri til að læra, æfa sig og þróa hæfni eftir því sem nemendur eldast.

Hlutfall nemenda sem upplifa minni streitu á netinu er svipað hjá strákum og stelpum, mynd 4.3. Í 8.–10. bekk eru 34% stráka og 38% stelpna sammála því að þeim finnist þau minna stressuð þegar þau eru á netinu. Í framhaldsskóla eru 44% stráka og 38% stelpna sammála fullyrðingunni. Niðurstöðurnar benda til þess að netið virki sem ákveðin streitulosun fyrir hluta ungmenna, sérstaklega hjá strákum í framhaldsskóla, en að meirihluti nemenda upplifi ekki sterk jákvæð áhrif á streitu í daglegu lífi sínu.

Mynd 4.3. Þegar ég er á netinu finnst mér ég minna stressaður/stressuð.

Hversu sammála eða ósammála ertu fullyrðingunni?

Birting: Allir í 8. bekk og eldri




Hlutfall þeirra sem segjast finna leiðbeiningar um hollan mat á netinu er fremur hátt, sérstaklega hjá stelpum, mynd 4.4. Í 8.–10. bekk eru 50% stráka sammála fullyrðingunni, en hlutfallið er enn hærra hjá stelpum, eða 63%. Í framhaldsskóla er mynstrið svipað en hlutfall hærra, 61% stráka og 78% stelpna segja að þau finni leiðbeiningar um hollt mataræði á netinu. Niðurstöðurnar sýna að netið er mikil upplýsingaveita fyrir ungmenni um hollustu og mataræði og að stelpur eru mun líklegri en strákar til að nýta slíkt efni.

Mynd 4.4. Á netinu finn ég leiðbeiningar um hollan mat.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi?


Birting: Allir í 8. bekk og eldri



Mynd 4.5. sýnir að hlutfall þeirra sem segjast finna leiðbeiningar um „life hacks" og/eða tísku á netinu er nokkuð hátt, en munurinn milli stráka og stelpna er sérstaklega áberandi. Í 8. – 10. bekk eru 45% stráka sammála fullyrðingunni, en hlutfallið er enn hærra hjá stelpum, alls 68%. Í framhaldsskóla eykst hlutfallið hjá báðum hópum í 57% hjá strákum og 79% meðal stelpna. Þessar niðurstöður sýna að netið á stóran þátt í að veita ungmennum leiðbeiningar sem tengjast daglegri færni og tísku, sérstaklega hjá stelpum í efri bekkjum.

Mynd 4.5. Á netinu get ég oftast fundið leiðbeiningar um "life hack" og/eða tísku. *Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi?*

Birting: Allir í 8. bekk og eldri




Að lokum, mynd 4.6, er spurning um hvort þátttakendur hafi séð umræðu á netinu um sjálfskaða, hatur eða sölu á ólöglegum fíkniefnum.

Framhaldsskólanemar höfðu oftar en nemndur í 8. – 10. bekk séð umræður á netinu um hvernig hægt er að grenna sig verulega, 51% á móti 38%, og haturskilaboð sem beinast að einstaklingum eða hópum, 53% á móti 30%.

Mynd 4.6. Hefur þú séð umræður á netinu á undanförnu ári sem innihélt eftirfarandi [sjálfskaða, hatur og sölu ólöglegra efna]

Birting: Allir í 8. bekk og eldri.
Fjölvalsspurning




Framhaldsskólanemar sáu einnig oftar ógnvekjandi myndir þar sem verið er að meiða manneskjur eða dýr, 32% á móti 22% nemenda í 8. - 10. bekk. Þeir sáu líka oftar birtingu á efni um sölu á áfengi, 33% á móti 17%, sölu á hassi, 18% á móti 10%, og sölu á öðrum ólöglegum vímuefnum, 13% á móti 9%. Nemendur á unglingastigi voru líklegri til að hafa séð áætlanir um slagsmál en í framhaldsskóla, eða 32% í 8. – 10. bekk á móti 25% í framhaldsskóla. Ábendingar um leiðir að því að skaða sig líkamlega var nokkuð svipuð meðal skólastigana, 28% í 8. – 10. bekk en 26% í framhaldsskóla.

Nokkur munur er á milli stráka og stelpna þegar kemur að því hvaða tegundir umræðna þau hafa séð á netinu á síðustu 12 mánuðum, mynd 4.7. Stelpur sjá mun oftar efni sem lýsir því hvernig hægt er að grenna sig verulega. Í 8.–10. bekk höfðu 53% stelpna séð slíkt efni á móti 28% stráka, og í framhaldsskóla sögðust 64% stelpna hafa rekist á slíkar umræður á móti 29% stráka. Stelpur verða einnig oftar vitni að haturssskilaboðum sem beinast að einstaklingum eða hópum, 33% á móti 27% í 8. –

10. bekk og 55% á móti 48% í framhaldsskóla. Þá sjá stelpur oftar ógnvekjandi myndir þar sem manneskjur eða dýr eru meidd, 23% á móti 17% í 8. – 10. bekk og 35% á móti 27% í framhaldsskóla. Munur sést einnig þegar kemur að umræðu um sölu á áfengi, þar sem stelpur í framhaldsskóla sjá slíkt oftar en strákar. Í 8. – 10. bekk eru stelpur 15% samanborið við 18% stráka. Í framhaldsskóla eru sambærileg hlutföll 34% samanborið við 28% . Aðeins liðurinn um áætlanir um slagsmál var efni sem strákar sjá oftar, 36% á móti 25% stelpna á unglingastigi og í framhaldsskóla var hlutfall stráka 28% á móti 24% stelpna.

Mynd 4.7. Hefur þú séð umræður á netinu á undanförnu ári sem innihélt eftirfarandi [sjálfskaða, hatur og sölu ólöglegra efna]

Birting: Allir í 8. bekk og eldri.
Fjölvalsspurning





FJÖLMIÐLANEFND



MENNTAVÍSINDASTOFNUN